



GOLFKLÚBBURINN LEYNIR

ÁRSSKÝRSLA 2024

Aðalfundur
27. nóvember 2024
Garðavellir, Akranesi

59. starfsár Golfklúbbsins Leynis – Skýrsla stjórnar

Golfsumarið á Íslandi árið 2024 fór ágætlega af stað ef miðað er við þær aðstæður sem golfhreyfingin á suðvestur horni landsins var að kljást við vorið 2023 eftir einn kaldasta vetur í manna minnum. Garðavöllur kom vel undan vetri og var opnað inn á sumarflatir 4. maí síðastliðinn. En svo liðu vikur og jafnvel mánuðir og ávallt biðu kylfingar eftir að sumarið 2024 myndi hefjast. Margir vilja meina að sumarið hafi ekki komið en samkvæmt gögnum frá Veðurstofu Íslands fer sumarið 2024 í flokk með verstu sumrum á þessari öld og því eðlilegt að sumarið hafi farið misvel í kylfinga landsins.


Kylfingar reyndu eftir bestu getu að láta vallaraðstæður á köflum ekki aftra sér og héldu dag eftir dag út á völl og spiluðu í allskonar veðrum og oft við mjög krefjandi aðstæður.

Veðurfar og vallaraðstæður höfðu einnig veruleg áhrif á mótahald sumarsins. Í annað sinn á þremur árum var felldur niður dagur í Meistaramóti Leynis sem er miður en var óumflýjanlegt miðað við þær aðstæður sem voru uppi. Þá voru miðvikudagsmótaraðirnar krefjandi þar sem veðurviðvaranir voru tíðar á miðvikudögum í sumar.

Hægt er að draga þann lærdóm af sumrinu 2024 að íslenskir kylfingar eru grjóthart íþróttafólk sem lætur ekki veður og eða vallaraðstæður stoppa útiveru í góðum félagsskap. Þessu tengt má geta að GSÍ þurfti að blása af eða færa til heila 9 keppnishringi í mótaraðum á sínum vegum, tímabilið 2024, sem segir meira en mörg orð.

Skráðir hringir í Golfboxi tala þar sínu máli því alls voru spilaðir 22. 823 hringir frá maí til og með október 2024. Eins og sjá má á súluritinu hér á eftir var umferðin mjög kafla skipt í sumar borið saman við fyrri ár. Mikið fall var í spiluðum hringjum í júlí og sögulegu hámarki náð í september undir lok sumars. Þá má sjá mikinn mun á maí mánuði í ár samanborið við árið 2023.

Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 15.837 hringir skráðir á félagsmenn eða um 69% allra skráðra hringja sem er örlítið hærra hlutfall en árin 2021-2023. En inni í þeirri tölu er þátttaka félagsmanna í innanfélagsmótum á árinu 2024.



Aðalfundur 2023 og verkefni stjórnar

Aðalfundur síðasta árs var haldinn þann 23. nóvember 2023 á Garðavöllum. Fundurinn fór vel fram og gengu umræður vel fyrir sig, sem og þau mál sem þörfuðust afgreiðslu fundarins.

Á aðalfundi GL var kosin stjórn fyrir starfsárið 2024. Stjórn var þannig skipuð:

Hróðmar Halldórsson, formaður.
Óli Björgvin Jónsson, varaformaður.
Freydís Bjarnadóttir, gjaldkeri.
Ella María Gunnarsdóttir, ritari.
Ísak Örn Elvarsson, meðstjórnandi
Ruth Einarsdóttir, varamaður.

Haldnir voru 13 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli.



Félagatal GL

Félagsmenn GL töldu 775 í lok sumar 2024 auk 105 barna og ungmenna sem sóttu gjaldfrjálsar æfingar. Heildar fjöldi félagsmanna telja nú í lok árs alls 880 en voru sumarið 2023 733 sem gerir um 20% fjölgun á milli ára. Á landsvísu fjölgaði kylfingum um 9% á milli ára eða um rúm 2.000 kylfinga á öllum aldri.

Metnaður stjórnar stendur til að fjölga félagsmönnum áfram á komandi árum og geri klúbbinn þar af leiðandi sjálfbærari í rekstri. Beina þarf sjónarhorninu að fjölgun í

barna- og unglíngastarfi en það er sannarlega ein mikilvægasta leiðin til að skapa framtíðar félagsmenn þegar til lengri tíma er lítið. Stjórn GL lagðist í markvissa vinnu í öflun styrktaraðila fyrir barna og unglíngastarf félagsins síðasta vetur, sem skilaði sér meðal annars í gjaldfrjálsum æfingum síðasta sumar. Óhætt er að segja að verkefnið gekk vonum frammar, en rúmlega 100 krakkar sóttu æfingar í sumar og hlaut starfsfólk og íþróttastjóri GL mikið lof í samfélaginu fyrir frábært framtak. Má því tengt nefna að meðalfjöldi þeirra barna og unglínga sem stunda núna vetraræfingar hefur næstum tvöfaldast milli ára, þau voru um 17-18 talsins í fyrra, en eru að nálgast 35 í heildina í ár.


Þá er hlutfall kvenna í Leyni 31% sem er örlítið lægra en í golfhreyfingunni allri en þar er hlutfallið 34%. Stjórn Leynis hefur mikinn hug á að efla gott starf Leyniskvenna og fjölga þar af leiðandi konum jafnt og þétt í félagsstarfinu.

Með frekari fjölgun félagsmanna skapast betri rekstrarskilyrði þar sem stærri hlutfall fastra tekna koma inn með árgjöldum sem gerir klúbbinn minna háðum utanaðkomandi vallar- og mótatekjum.

Fjaraðildar félögum frá nærliggjandi sveitarfélögum fjölgaði á milli ára og eru nú 155 en voru 110 í lok sumars 2023. Nýliðun á árinu 2024 var mjög góð en 40 kylfingar gerðust meðlimir í golfhreyfingunni í fyrsta sinn innan raða Leynis. Stjórn GL vill bjóða alla þá félagsmenn sem gengu í klúbbinn á árinu sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor eins og alla aðra félagsmenn

Hér á eftir má sjá hvernig félagatal GL skiptist eftir gjaldskrárflokkum. Ánægjulegt er að sjá að fullgreiðandi félagsmönnum heldur áfram að fjölga. Eins er mjög jákvætt að sjá fjölgunina á milli ára í gjaldaflokknum 26 ára og yngri án æfinga.

Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2024. Félagsmenn voru duglegir að nýta sér inni aðstöðuna ásamt golfhermi í kjallara Garðavalla yfir vetrarmánuðina. Stjórn GL réðst í kærkomnar breytingar á herma aðstöðu félagsins í fyrravetur, eitthvað sem félagsmenn tóku vel og stóðst innkoma aðstöðunnar áætlanir stjórana. Það er líka til marks um vaxandi golfáhugann í sveitarfélaginu að tveir öflugir einkaaðilar opnuðu einmitt glæsilega herma aðstöðu síðasta vetur til að mæta aukinni eftirspurn kylfinga.



Að starfsmannahaldi GL. Birkir Þór Baldursson, íþróttastjóri, gekk til liðs við Leyni fyrir rúmu ári og er óhætt að segja að mikil ánægja hefur verið með hans störf og þann metnað sem hann gefur í nýliðun barna og ungmenna sem og þann árangur sem keppniskylfingar hafa náð í sumar.

Í janúar hóf Árni Þór Árnason störf hjá Leyni og gegnir hann starfi aðstoðar vallarstjóra. Fyrir voru þeir Einar Gestur Jónasson vallarstjóri og Guðni Steinar Helgason vélamaður í 100% starfi á Garðavelli. Það er mikill fengur í því að fá Árna Þór í þeirra frábæra teymi. Að hafa fastráðna starfsmenn allt árið um kring skilar Garðavelli án efa í betra standi að vori og gefur klúbbnum aukið svigrúm í að fara í nauðsynlegar framkvæmdir á öllum tímum ársins.

Miklar áskoranir fram undan.

Áskoranir Golfklúbbsins Leynis á komandi árum eru miklar, bæði sem snúa að framkvæmdum og viðhaldi á Garðavelli sem og fjárfestingum í tækjum og búnaði með það að markmiði að gera klúbbinn sem mest sjálfbæran í umhirðu og rekstri. Golfklúbburinn Leynir hefur á liðnum árum bætt verulega við tækjakost klúbbsins og lagt drög að frekari kaupum á komandi árum.

Akraneskaupstaður hefur því miður ekki farið í nauðsynlegar framkvæmdir við að verja frístundamiðstöð Garðavalla aðkomuvatni. Sú hættu er því ávallt yfirvofandi með tilheyrandi óþægindum fyrir vetrarstarf klúbbsins og starfsmenn hans. Síðustu fregnir eru þó að niðurstaða er komin í því hvernig bærinn hyggst verja húsið en hvenær framkvæmdir hefjast liggja ekki fyrir. Þessu verkefni til viðbótar eru nokkur önnur atriði sem snúa að samstarfi Akraneskaupstaðar og Leynis sem eru til þess fallinn að valda okkur í stjórn GL áhyggjum. Þar ber helst að nefna æfingaaðstaða GL yfir vetrarmánuði er fyrir löngu sprungin og ekki á nokkurn hátt ásættanleg. Þar bætist við stöðug ógn vegna mögulegs leka og bleytu í kjallara. Íþróttastjóri GL er á tímum með 8-10 krakka á æfingu í plássi sem telur einhverja 50-60 fm, með tilheyrandi slyshættu og óþægindum. Þegar horft er til þeirra fjölgunar sem orðið hefur hjá GL undanfarin ár, er ljóst að aðstöðuleysið þarfnast úrlausnar sem tæplega verður hrundið af stað án aðkomu sveitarfélagsins.

Stjórn Leynis hefur s.l. ár ítrekað bent bæjaryfirvöldum sem og Íþróttabandalagi Akraness á að grípa þurfi til aðgerða í inniaðstöðumálum klúbbsins en það lítur út fyrir að enn einn veturinn verði félagsmenn Leynis að una við núverandi aðstöðu með þeirri ógn sem vofir yfir og ónothæfu gervigrasi til æfinga.

Annað atriði sem einnig er til þess fallið að valda áhyggjum Leynis eru skipulagsmál. Eins og komið hefur áður fram er ekki er til undirritaður formlegur samningur um afnot Leynis af deiliskipulagssvæði golfklúbbsins og hefur ekki fengist raungerður þrátt fyrir ítrekaða beiðni þess efnis af hálfu klúbbsins. Í apríl síðastliðinn, fór stjórn á fund með bæjarfulltrúum Akraneskaupstaðar þar sem ýtt var við málinu og nýjar tillögur um stækkun Garðavallar í 27 holur voru kynntar. Vel var tekið í hugmyndir Leynis og umræður á fyrrgreindum fundi mjög góðar. Samkvæmt upplýsingum stjórnar Leynis

hefur málið lítið verið unnið áfram hjá kaupstaðnum þrátt fyrir ítrekaða beiðni stjórnarmanna Leynis þess efnis.

Golfklúbburinn Leynir fagnar 60 ára afmæli í mars 2025 og var stjórn Golfklúbbsins Leynis vongóð um að Akraneskaupstaður myndi við það tilefni skrifa undir viljayfirlýsingu um stækkun Garðavallar eða í það minnsta undir samning um afnot af núverandi deiliskipulagi Garðavallar en lítið hefur ágengt og fát um svör, því miður. Framþróun og framtíðarsýn Leynis er því enn í lausu lofti með tilheyrandi höftum fyrir starfsemi klúbbsins.

Stjórn Leynis ætlar þrátt fyrir þetta einhliða samtal að leyfa sér að vera bjartsýn um að betra samtal og samvinna komist á á næstu mánuðum og að unnið verði hratt og örugglega að góðri lendingu öllum aðilum til hagsbóta.

Hlynur Guðmundsson sinnti, þriðja sumarið, veitingarekstri á Garðavöllum undir nafni Nítjándu / Bistro & Grill. Stjórn GL þakkar Hlyni og hans góða starfsfólki fyrir gott samstarf á árinu.

Á 80. ársþingi ÍA sem haldið var 18. apríl í Garðavöllum voru félagsmenn GL, þeir Halldór B. Hallgrímsson, Berglind Helga Jóhannesdóttir og Oddur Pétur Ottesen sæmd bandalagsmerki ÍA.



Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins á liðnum árum.

Þrír félagsmenn unnu það afrek að fara holu í höggi á Garðavelli í sumar. Fyrstur til þess þetta sumarið var Sveinbjörn Rögnvaldsson þann 18. júní á 18. holu en þetta var í annað sinn á tveimur árum sem Sveinbjörn fer holu í höggi á Garðavelli. Næstur í röðinni var Matthías Þorsteinsson en draumahöggið sló hann 30. júlí á 3. holu. Þá var



það Hjörtur Hjartarson sem fór holu í höggi þann 28. ágúst einnig á 3. holu. Miðvikudaginn 3. júlí, var leikið til úrslita í Landsbankamótaröðinni 2024. Þar gerði hin 15 ára Viktoría Vala Hrafnadóttir sér lítið fyrir og fékk Albatross á 4. braut á Garðavelli. 4. brautin er 359m löng af rauðum teig og er par 5. Golfklúbburinn Leynir óskar

einherjum klúbbsins sem og Viktoríu Völu, innilega til hamingju með draumahöggin sí.

Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Íslandsmót golfklúbba 2024, 2. deild karla fór fram dagana 23.-25. júlí í Vestmannaeyjum. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var af Tristani Frey Traustasyni, Kára Kristvinsyni, Nóa Claxton, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Kristvini Bjarnasyni, Þorláki Halldórssyni, Sveinbirni Guðmundssyni og Birki Þór Baldurssyni sem



einnig var liðsstjóri sveitarinnar. Sveit GL stóð sig vel og heldur sæti sínu í 2. deild að ári.

Kvennasveit Leynis spilaði einnig í 2. deild en leikið var dagana 24.-26. júlí á Flúðum. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var af Ruth Einarsdóttur, Ragnheiði Jónasdóttur, Elínu Önnu Viktorsdóttur, Elísabetu Valdimarsdóttur og Ellu Maríu Gunnarsdóttur sem einnig var liðsstjóri sveitarinnar. Sveit GL stóð sig mjög vel, spilaði um þriðja sætið en hafnaði í því fjórða eftir hörku leiki.



Íslandsmót golfklúbba 2024 í 2. deild karla 50 ára og eldri fór fram á Vestmannaeyjavelli 22.-24. ágúst. Golfklúbburinn Leynir sendi vaska sveit til leiks sem gerði sér lítið fyrir og landaði gullinu við erfiðar aðstæður og hörku keppni. Sveitin var skipuð var af, Péttri Vilbergi Georgssyni, Kristvini Bjarnasyni, Þórði Má Jóhannessyni, Þórði Emil Ólafssyni sem jafnframt var liðsstjóri, Kristjáni Kristjánssyni, Halldóri B. Hallgrímssyni og Sigurði Elvari Þórólfssyni. Golfklúbburinn Leynir óskar sveit GL og félagsmönnum til hamingju með þennan frábæra árangur.



Íslandsmót golfklúbba í 1. deild kvenna 2024 í +50 ára og eldri fór fram dagana 22.-24. ágúst á Strandarvelli á Hellu. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var þeim Maríu Björgu Sveinsdóttur, Ellen Blumenstein, Helgu Rún Guðmundsdóttur, Jónu Björg Olsen, Kristínu Pétursdóttur, Elísabet Valdimarsdóttur, Ragnheiði Jónasdóttur og Ruth Einarsdóttur sem einnig var liðsstjóri sveitarinnar. Sveit GL stóð sig vel, endaði í 6. sæti og heldur sæti sínu í fyrstu deild að ári.



Í þriðja sinn sendi Golfklúbburinn Leynir karlasveit til leiks í sveitakeppni LEK í aldursflokknum 65 ára og eldri en mótið fór fram í Hveragerði dagana 13.-14. ágúst. Sveitin spilaði í 2. deild og endaði í 2. sæti. Sveitin var skipuðu af þeim Birni Þórhallssyni, Halldóri B. Hallgrímssyni, Matthíasi Þorsteinssyni, Þórði Elíassyni sem einnig var liðsstjóri, Sigurði Grétari Davíðssyni og Hinriki Á. Bóassyni.

Í fyrsta sinn sendi Golfklúbburinn Leynir kvennasveit til leiks í sveitakeppni LEK í



aldursflokknum 65 ára og eldri en mótið fór fram á Kálfatjarnarvelli sömu daga. Sveit Leynis var skipuð af Dagmar Gunnarsdóttur, Ingunni Þóru Ríkharðsdóttur, Ellen Blumenstein, Guðrúnu Ingólfssdóttur og Þórönnu Halldórsdóttur sem einnig

var liðsstjóri. Árangur GL kvenna var ágætur og mun sveitin mæta tvíefld til leiks að ári reynslunni ríkari.

Golfklúbburinn Leynir tók þátt í sveitakeppni unglinga í aldursflokknum 15-18 ára og 14 ára og yngri dagana 26.-28. júní. Leikið var á Akureyri og á Hellu. Báðar sveitirnar stóðu sig með vel og endaði sveit 15-18 ára í 4. sæti eftir harða keppni en sveit 14 ára og yngri urðu deildarmeistarar í neðri deild. Sveitir Leynis skipuðu:

U14

Marinó Sturluson
Bergur Ernir Karlsson
Ernir Kristvinsson
Birgir Viktor Kristinsson
Theodór Smári Þorsteinsson
Viktor Logi Björnsson

15-18

Tristan Freyr Traustason
Bragi Friðrik Bjarnason
Arnar Gunnarsson
Sigurður Brynjarsson
Heikur Darri Hermannsson
Guðlaugur Þór Þórðarson

Úr afreksstarfi má nefna stöðugan árangur hjá Tristan Frey Traustasyni og Guðlaugi Þór Þórðarsyni á unglingsmótaröð GSÍ. Þar má nefna helst þegar Guðlaugur Þór endaði Íslandsmótið í holukeppni 15-16 ára í þriðja sæti. Tristan Freyr fékk boð í Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ þar sem bestu kylfingar í hverjum aldurshópi fá boð og endaði Tristan í fimmta sæti.



Að lokum

Golfíþróttin hefur verið í stórsókn um land allt undanfarin árin. Undirritaður kom upphaflega inn í stjórn GL veturinn 2019-2020, en síðan þá hefur starfsemi og umfang félagsins vaxið verulega, dag frá degi. Samstarfssystkini mín í stjórn á þessu tímabili ásamt framkvæmdastjóra, voru sammála um það að tækifærin okkar lægju í vaxandi uppbyggingu og gæðum Garðavallar, sem golfvallar. Við höfum því á liðnum árum lagt mikið kapp á að efla Garðavöll sem keppnisvöll og til yndisauka fyrir hinn almenna félagsmann. Til að ná því markmiði höfum við lagt tugi milljóna í bættan vélakost samhliða róbótavæðingu vélarflota. Við höfum fjölgað stöðugildum út á velli, erum í dag komin með vallarstjóra, aðstoðarvallarstjóra og vélamann í fullt stöðugildi sem ég tel að hafi endurspeglast í frábærum golfvelli, þá sérstaklega síðustu tvö til þrjú tímabilin. Það endurspeglast svo að lokum í aukinni ánægju félagsmanna og annara gestaspilara Garðavallar. Við munum áfram beita okkur fyrir því að bæta og efla barna og unglिंगastarf klúbbsins, en það höfum við gert með ráðningu íþróttastjóra í fullt starf auk gjaldfrjálsa sumaræfinga, eins og áður hefur verið komið inn á.


Ég sat nýverið fund formannafund golfklúbba hjá GSÍ þar sem það kom skýrt fram, hvers lags vandamál það er orðið á Reykjavíkursvæðinu að fá rástíma til að iðka okkar frábæru íþrótt. Rástímar eru í dag, einfaldlega takmörkuð auðlind. Ég held að við hér í Golfklúbbum Leyni, eða hinn almenni félagsmaður, átti sig stundum ekki alveg á því hverslags forréttindi við búum við hér á Akranesi. Félagsmenn komast að öllu jafna í golf á næstu 1 til 2 dögum, með smá fyrirhyggju eða skipulagi. Eins og góður félagi minn og kylfingur til áratuga í GR, nefndi við mig nýverið, þið í GL eruð með draumastærð af golfklúbbum, sirka 800-900 félagsmenn.

Við þurfum samt sem áður að halda vel á spilunum, heildarárgjöld félagsmanna GL standa í dag straum af um 77% af öllum rekstrarkostnaði Garðavallar. Þá eigum við eftir allan annan kostnað, laun og rekstur á Garðavöllum, mótahald, sveitakeppnir, barna og unglिंगastarf og svo framvegis.

Án aðkomu Akraneskaupstaðar í formi rekstrarstyrks, þá væri rekstur félagsins í algjörum jánnum, og í raun í mínus ef tekið er tillit til afskrifta og fjárfestingaþarfar í vélum og tækjum á ári hverju. Verkefnið er enn sem áður að fjölga áfram hinum

fullgreiddandi félagsmanni GL, með það fyrir augum að árgjöld félagsmanns dugi að fullu til þess að reka okkar glæsilega íþróttamannvirki, Garðavöll.

Fyrir hönd stjórnar vil ég að lokum þakka framkvæmdastjóra félagsins fyrir frábært utan um hald og rekstur á árinu sem er að líða. Ég vil þakka okkar frábæra teymi sem og sumarstarfsfólki út á velli fyrir að bjóða upp á frábæran Garðavöll við mjög svo krefjandi aðstæður fyrir árið 2024 auk þess sem ég þakka íþróttastjóra félagsins fyrir kröftuga innkomu í allt okkar starf. Síðast en ekki síst þá vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum, sumarstarfsfólki sem og nefndarfólki félagsins fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins á árinu sem er að líða.



*Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis
Hróðmar Halldórsson, formaður
26. nóvember 2024*

Skýrsla framkvæmdastjóra

Það er ávallt við hæfi að byrja þessa skýrslu og yfirferð á að þakka innilega öllum félagsmönnum, stjórn, nefndum og samstarfsfólki fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Golfvertíðin í ár var áhugaverð fyrir margar sakir eins og farið hefur verið yfir í skýrslu stjórnar. Þar sem vallaraðstæður á köflum og veðurfar var ábótavant þurftu kylfingar oft á tíðum einfaldlega að þreyja þorrann.

Starfsmenn GL voru 24 þegar mest lét frá vori til hausts en þeir voru þó með mismikla viðveru yfir sumarið. Því til viðbótar má telja nokkra félagsmenn sem ávallt voru tilbúnir að hlaupa í skarðið ef upp á vantaði. Í því samhengi vil ég sérstaklega þakka Halldóri F. Jónssyni fyrir sitt framlag til Garðavallar í ár, það er ómetanlegt eins og alltaf. Heilsárs stöðugildi á árinu voru fimm en stefnt er að því að fjölga um eitt stöðugildi á skrifstofu/afgreiðslu frá og með janúar 2025.

Akraneskaupstaður hefur stutt vel við bakið á klúbbum í sumar líkt og undanfarin ár. Um 10 ungmenni úr unglíngavinnunni störfuðu við ýmis verk á og við Garðavöll og færur við kaupstaðnum bestu þakkir fyrir þann stuðning.

Styrktaraðilar GL, stórir sem smáir, eru afar dýrmætir bakhjarlar klúbbsins og færi ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu 2024. Margir nýir styrktaraðilar bættust í hópinn í sumar og færur við þeim bestu þakkir fyrir samstarfið og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Rekstur GL starfsárið 2024

Rekstrarniðurstaða Golfklúbbsins Leynis fyrir árið 2024 var góð þrátt fyrir erfitt rekstrarár veðurlega séð. Töluverðar fjárfestingar voru á árinu 2024 en stærsta fjárfestingin var í nýrri flatarsláttuvél sem leysti af eldri vél sem mun þó nýtast klúbbum áfram. Þá var einnig fjárfest í sandara og stórum sláttupjóni/róbót. Alls voru fjárfestingar á árinu rúmar 24 m.kr. Fjárfestingar voru plani við áætlanir ársins en kostnaður við vökvunarbúnað á Garðavöll var meiri en áætlað var með í upphafi.

Þörfin á endurnýjun á vélabúnaði er ávallt brýn og óumflýjanleg en tækjakostur vallarins þarf að endurspeglar gæði hans hverju sinni. Að því sögðu stefnir GL að frekari fjárfestingum á komandi árum en búið að handsala kaup á nýjum traktor og gatara.

Þá er hugmyndin að hagræða áfram í tækjaflotanum og fjárfesta í fleiri slátturþjónum ásamt því að halda áfram með útbreiðslu vökvunarkerfis og rafmagns á Garðavöllum.

Eiginfjárstaða klúbbsins hefur verið sterk og var stærstur hluti fjárfestinga á árinu staðgreiddur. Nýja flatarvélin var þó fjármögnuð að hluta með tækjakaupaláni í gegnum Landsbankann. Golfklúbburinn Leynir heldur áfram að greiða niður skuld við Akraneskaupstað vegna umfram kostnaðar við byggingu Frístundamiðstöðvarinnar, Garðavalla. Í ár nam niðurgreiðslan rúmar 3.5 m.kr. sem samanstendur bæði af skuldajöfnun t.a.m. vegna vinnuframlags og beinum greiðslum af hendi GL.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur hækkuðu um rúmar 24 m.kr. á milli ára eða um 13%. Helsta skýring þess er fjölgun félagsmanna, auknar mótatekjur sem og aukin rekstrarframlög og styrkir.

Félagsgjöld hækka um 17% á milli ára eða úr rúmum 50 m.kr. á árinu 2023 í um 62 m.kr. á árinu 2024. Tekjur af velli hækka um rúma 1 m.kr. á milli ára en hér er um að ræða vallargjöld, vallarleigu og tekjur GL af slætti á opnum svæðum fyrir Akraneskaupstað.

Rekstrargjöldin á árinu eru um 147.7 m.kr. sem er um 3 m.kr. meira en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Helstu þættir sem fóru fram úr áætlun er keppniskostnaður, mótahald og rekstur Garðavallar. Laun og launatengd gjöld eru á áætlun ársins sem er ánægjulegt þar sem töluverðar breytingar voru gerðar, frá upphaflegri áætlun, á starfsmanna fyrirkomulagi.

Rekstrarafkoma klúbbsins er jákvæð um rúmar 28 m.kr. fyrir fjármagnsliði og afskriftir. Eftir afskriftir rekstrarfjármuna og fjármagnsliði skilar rekstur GL rúmum 19.5 m.kr. í afgang.

*Rakel Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GL
Akranesj, 25. nóvember 2024*

Skýrsla barna-, unglunga- og afreksnefndar

Í stjórn barna-, unglunga- og afreksnefndar til 31. október 2024 sátu:

- Hekla Gunnarsdóttir, formaður
- Björn Óskar Andrésen
- Svala Ýr Smáradóttir
- Trausti Jónsson

Tengiliður stjórnar við BUA nefnd var Ella María Gunnarsdóttir

Starfsárið 2024 voru skráðir tæplega 40 iðkendur á aldrinum 7-21 árs. Vetraræfingar gengu vel og var mæting jöfn og góð allan veturinn sem svo jókst þegar sumarið hófst. Íþróttarstjóri tók á móti bæði Brekkubæjarskóla og Grundaskóla í inniaðstöðu klúbbsins með það að markmiði að kynna krökkunum fyrir aðstöðu klúbbsins, æfingum og búa til mögulega framtíðar meðlimi.



Í ár var tekin ákvörðun um að fara nýjar leiðir í stað golfleikjanámskeiða fyrir yngstu krakkana. Úr varð að boðið var upp á fríum sumaræfingum fyrir krakka á grunnskólaaldri. Þær æfingar slógu heldur betur í gegn þar sem hátt í 110 krakkar æfðu tvisvar í viku í allt sumar. Á þessum æfingum var settur fókus á mikla stemningu og skemmtun til að kveikja áhuga þeirra á golfíþróttinni. Það má því segja að GL hafi átt í kringum 140 börn og

ungmenni sem æfðu golf í sumar.

Skipulagðar æfingar héldust svipaðar og síðustu ár. Afrekshópur æfði 4-5 sinnum í viku með 1-2 aukaæfingum sem voru styrktar æfingar hjá 300 þjálfun og morgunæfingar

inni í Akraneshöll. Eldri kylfingar æfðu 4-5 sinnum í viku og yngri hópur æfði 2-3 í viku. Styrktar-, jafnvægis- og samhæfingar æfingar héldu áfram og eru mikilvægur þáttur í því að „íþróttavæða“ golfíþróttina.

Birkir Þór, Íþróttarstjóri Leynis sá um allar æfingar. Hann fylgdi þeim á öll mót að undanskildum nokkrum hringjum þegar skörun var á mótaröðum. Birki innan handar voru Tristan Freyr, Elín Anna, Guðlaugur Þór og Bragi Friðrik, þau aðstoðuðu við þjálfun á fríu sumar æfingunum.

Árangur úr starfinu

Leynir átti 11 keppendur á mótariðum á vegum GSÍ í ár. Nokkrir að stíga sín fyrstu skref og aðrir að héldu áfram að byggja ofan á síðustu ár. Tristan Freyr Traustason og Guðlaugur Þór Þórðarson áttu báðir ágætis sumar og enduðu ofarlega á stigalista GSÍ í sínum flokkum.

Kári Kristvinsson spilaði sig inn í Íslandsmótið í golfi með góðum sigri í undankeppninni



fyrir mótið. Tristan Freyr fór beint inn í Íslandsmótið og náði niðurskurði örugglega. Guðlaugur Þór og Nói Claxton reyndu einnig fyrir sér í undankeppninni í fyrsta skipti.

Guðlaugur Þór átti mjög gott mót á Íslandsmóti unglunga í holukeppni sem var haldið í Sandgerði í ágúst. Guðlaugur endaði þar í þriðja sæti mótsins. Leynir átti 3 keppendur á mótinu. Tristan Freyr spilaði í

flokki 17-18 ára, Guðlaugur í flokki 15-16 ára og Ernir Kristvinsson í flokki 12 ára og yngri.



Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ er haldið ár hvert og eru bestu kylfingum í hverjum aldursflokki boðin þátttaka þar. Tristan Freyr fékk boð og stóð sig með mikilli þrýði þar og endaði í 5. sæti. Þá voru lið send í Íslandsmót golfklúbba 15-18 ára og 14 ára og yngri. Báðar sveitir voru skipaðar strákum á þessum aldri og stóðu þeir sig með þrýði. Yngri sveitin

spilaði á Hellu og enduðu sem deildarmeistarar neðri deildar. Eldri sveitin spilaði á Akureyriog endaði í 4. sæti eftir hörku viðureignir.

Fróðleikur úr starfinu

Haldið var í æfingaferð til Spánar í byrjun apríl. Áfangastaðurinn þetta árið var Islantilla, þar var frábær 27 holu völlum og góð æfingaaðstaða. 12 iðkendur fóru með í ferðina ásamt 4 foreldrum. Ferðin var vel heppnuð þar sem krakkarnir æfðu og spiluðu golf allan liðlangan daginn. Markmið BUA nefndar hefur verið að fara árlega í æfingaferð erlendis því það hvetur



krakka til auka æfinga og kynnir krakkana fyrir golfi í öðruvísi aðstæðum. Svona ferðir eiga einnig þátt í að kveikja áhuga nýrri kylfinga á íþróttinni og gefur okkur gott tækifæri til að móta fleiri kylfinga.

Lokahóf barna og unglunga var haldið 13. september í frábæru veðri. Byrjað var á einvígi á Garðavelli þar sem 19 kylfingar hófu leik og stóð Bragi Friðrik Bjarnason uppi sem sigurvegari. Síðan var haldið í Golfheim þar sem krakkarnir fengu að borða, spiluðu golf og pílu fram eftir kvöldi. Barna og unglunganefnd þakkar Golfheim fyrir að taka vel á móti okkur.

Að lokum vill BUA nefnd koma á framfæri þökkum til styrktaraðila sem færðu krökkunum fatnað fyrir árið:

- SF smiðir
- ÞÞÞ
- Gísli Jónsson



Fyrir hönd barna-, unglunga- og afreksnefndar,

*Birkir Þór Baldursson, Íþróttastjóri.
Akranesi, 20. nóvember, 2024.*


Skýrsla mótanefndar

Mótahald er einn helsti vettvangur félagsstarfs klúbbsins og því mikilvægt að vel til takist. Fyrirkomulag móta og aðsókn í mót ársins var með svipuðum hætti og undanfarin ár, enda mótahald með hefðbundnu sniði.

Í mótanefnd, Hafsteinn Víðir Gunnarsson (formaður), Þórður Elíasson, Búi Örlygsson, Birkir Guðmundarson, Alex Kári Kristjánsson og Hróðmar Halldórsson sem tengiliður stjórnar.

Í sumar voru haldin 6 opin mót, 3 opin kvennamót og 30 innanfélagsmót auk ýmis önnur boðsmót fyrirtækja, hópa og félagasamtaka.

Alls tóku 3.014 kylfingur þátt í golfmótum á Garðavelli í ár, sem er mesti fjöldi keppenda til margra ára, þrátt fyrir að slæm tíð hafi sett strik í reikninginn sérstaklega er kom að innanfélagsmótum. Nánari skiptingu milli móta og ára má sjá í töflunni hér að neðan.



Meistaramót GL fór fram dagana 9.-12. júlí og urðu Stefán Orri Ólafsson og Ruth Einarsdóttir klúbbmeistarar í ár. Mótanefnd óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn sem og öðrum sem unnu til verðlauna í öðrum flokkum, en úrslit má sjá hér að neðan.

Fjöldi meðlima í Leyni hefur vaxið ár frá ári og þátttaka í Meistaramóti hefur aukist í takt við það. Því var tekin ákvörðun um breytt fyrirkomulag og hófst keppni nú á þriðjudegi í stað miðvikudags áður.

Það er óhætt að segja að veðurguðirnir hafi verið illa fyrir kallaðir þessa meistaramótsviku og aflýsa þurfti leik á lokadegi sem þýddi að nokkrir flokkar spiluðu þrjá hringi í stað fjögurra. Þrátt fyrir slæmt veður var þátttaka svo gott sem á pari við árin 2022 og 2023.



Fuglaleikurinn var endurtekin í Meistaramótinu en þar gátu kylfingar safnað fuglum í þágu góðs málefnis í samvinnu við fyrirtækið Skipavík í Stykkishólmi en fyrirtækið greiddi 500,- kr. fyrir hvern fugl sem náðist í mótinu. Golfklúbburinn Leynir ákvað að tileinka Fuglasöfnunina í ár minningu góðs vinar, Péturs Sigurðssonar félagsmanns sem lést þann 23. Júní s.l. eftir hetjulega baráttu í kjölfar vinnuslyss. Pétur var til margra ára einstaklega öflugur félagsmaður og ávallt reiðubúinn að leggja fram hjálparhönd sem sjálfbóðaliði og taka virkan þátt í mótahaldi og félagslífi klúbbsins. Samhliða

fuglasöfnuninni gafst félagsmönnum ásamt öðrum velunnurum að taka þátt með því að leggja inn á reikning klúbbsins eða kaupa fugla í afgreiðslu Leynis.

Fjölskylda Péturs ákvað að upphæðin myndi renna óskipt til Styrktarfélagins Vonar en



félagið styrkir skjólstæðinga gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi. Styrktarfélagið Von er fjölskyldu Péturs ofarlega í huga þar sem það reyndist þeim einstaklega vel á erfiðum tímum. Alls söfnuðu félagsmenn Leynis og velunnarar kr. 1.332.000 kr. og rann upphæðin óskipt til Vonar. Golfklúbburinn Leynir færir öllum þeim sem tók þátt í söfnuninni hjartans þakkið sem og Skipavík fyrir samstarfið um þetta mikilvæga verkefni.

Mótanefnd færir starfsmönnum GL þakkið fyrir faglega vinnu við mótið sem og öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu mikið að mörkum til þess að mótið gæti farið fram.

Þá færir mótanefnd Sigurði Elvari Þórólfsyni hjá Skagafréttum sérstakar þakkið fyrir að taka myndir út á golfvelli á meðan á mótinu stóð, sem og öðrum jákvæðum fréttum af mótahaldi á liðnu starfsári. Slíkt er ómetanlegt bæði í sögulegu samhengi sem og til að upplýsa samfélagið um það jákvæða starf sem fram fer í klúbbum.

Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar fór fram í fjórða sinn í sumar. Keppnisfyrirkomulagið er með svipuðum hætti og þegar keppt er í sveitakeppnum golfklúbba, þó með þeirri breytingu að spilaður var greensome í stað foursome, sem almenn ánægja var með. Fimm lið skráðu sig til leiks, hvert skipað 7-10 leikmönnum. Fór svo að lokum að þrjú lið voru efst jöfn og deildu sigrinum milli sín. Mótanefnd þakkar Blikksmiðju Guðmundar fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum vettvangi og hvetur þau lið sem tóku þátt, sem og aðra félagsmenn að taka þátt að ári.



Hið vinsæla og vel heppnað hjóna- og paramót fór fram laugardaginn 1. júní og var uppselt í mótið líkt og fyrri ár. Dineout var styrktaraðili mótsins í ár og færum við þeim sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf og velvild í garð klúbbsins. Góður rómur var gerður að mótinu og er nú þegar komin biðlisti fyrir næsta ár.

Miðvikudagsmótin eru ávallt vinsæl á meðal félagsmanna en eins og fram hefur komið



setti veður strik í reikninginn hvað varðar þátttöku í ár. Mótanefnd þakkar Landsbankanum og SF Smiðum fyrir samstarfið og aðkomu þeirra að miðvikudags-mótunum í ár. Aðsókn í opin mót var góð í sumar líkt og undanfarin ár og þakkar mótanefnd samstarfsaðilum og þeim fjölmörgu Leynis kylfingum sem tóku virkan þátt í mótum sumarsins.

Mótahaldi var svo lokað með Bændaglímunni en hún fór fram laugardaginn 28. September. Bændur ársins 2024 voru Óli B. Jónsson og Jóhann Þór Eiríksson. Mikil spennan var

í Bændaglímunni þetta árið og allt jafnt að leik loknum. Þá þurfti að grípa til bráðabana þar sem Jóhann hafði betur gegn Óla.

Að lokum þakkar mótanefnd enn og aftur öllum þeim sem hjálpuðu til við framkvæmd móta sem og styrktaraðilum fyrir þeirra framlög.

*F.h. mótanefndar
Hafsteinn Gunnarsson, formaður.
Akranesi, 3. nóvember 2024.*

Úrslit í Meistaramóti GL 2024:

Meistaraflokkur karla:

1. Stefán Orri Ólafsson 234 högg +18 (77-73-84-Aflýst).
2. Sveinbjörn Guðmundsson 239 högg +23 (77-81-81-Aflýst).
3. Tristan Freyr Traustason 240 högg +24 (85-74-81-Aflýst).

1. flokkur Kvenna:

1. Ruth Einarsdóttir 271 högg +55 (90-88-93-Aflýst).
2. Ragnheiður Jónasdóttir 272 högg +56 (80-88-104-Aflýst).
3. Helga Rún Guðmundsdóttir 280 högg +64 (91-97-92-Aflýst).

1. flokkur karla:

1. Davíð Búason, eftir bráðabana, 242 högg +26 (76-82-84-Aflýst).
2. Ingi Fannar Eiríksson 242 högg +26 (79-80-83-Aflýst).
3. Búi Örlygsson 246 högg +30 (78-81-87-Aflýst).

2. flokkur karla:

1. Þorsteinn Jónsson 254 högg +38 (76-86-92-Aflýst).
2. Einar Gestur Jónasson 259 högg +43 (80-88-91-Aflýst).
3. Fylkir Jóhannsson, eftir bráðabana, 263 högg +47 (90-82-91-Aflýst).

2. flokkur kvenna:

1. Elín Anna Viktorsdóttir 280 högg +64 (94-90-96-Aflýst).
2. Ella María Gunnarsdóttir 287 högg +71 (89-92-106-Aflýst).
3. Helena Rut Steinsdóttir 294 högg +78 (101-91-102-Aflýst).

3. flokkur karla:

1. Unnar H Eyfjörð Fannarsson 356 högg +68 (87-85-87-97).
2. Jón Unnar Guðmundsson 368 högg +80 (87-93-88-100).
3. Páll Sindri Einarsson 370 högg +82 (90-87-96-97).

3. flokkur kvenna:

1. Þórgunnur Stefánsdóttir 319 högg +103 (106-111-102).
2. Halldóra Andrea Árnadóttir 339 högg +123 (110-109+120).
3. Krístrún Dögg Marteinsdóttir 345 högg +129 (120-105-120).

4. flokkur karla:

1. Björn Ingi Bjarnason 421 högg +133 (110-103-103-105).
2. Kolbeinn Hróar Búason 423 högg +135 (106-107-104-106).
3. Valgeir Valdi Valgeirsson 447 högg +159 (116-113-105-113).

Öldungar karlar +50:

1. Halldór B Hallgrímsson 333 högg +45 (82-86-83-82).
2. Heimir Fannar Gunnlaugsson 335 högg +47 (89-83-79-84).
3. Haraldur V Hinriksson 342 högg +54 (78-86-92-86).

Öldungar kvenna +60:

1. Ingunn Þóra Ríkharðsdóttir 286 högg +70 (89-97-100).
2. Guðrún Ingólfssdóttir 319 högg +103 (107-101-111).
3. Katla Hallsdóttir 327 högg +111 (109-108-110).

Öldungar karlar +65:

1. Hinrik Árni Bóasson 253 högg +37 (88-79-86).
2. Sigurður Grétar Davíðsson 25 högg +38 (90-83-81).
3. Jón Elís Pétursson 259 högg +43 (84-87-88).

Opinn flokkur kvenna- og karla:

1. Morten Ottesen 90 punktar (18-25-28-19).
2. Kristín Norðkvist Ragnarsdóttir 71 punktur (13-15-22-21).
3. Arndís Ósk Valdimarsdóttir 71 punktur (20-17-18-16).



Skýrsla forgjafanefndar

Nú hafa fimm sumur liðið með nýju forgjafarkerfi. Samkvæmt hinu nýja kerfi er forgjöf kylfinga reiknuð út frá 8 bestu hringjum leikmanns af síðustu 20. Til viðbótar er tekið tillit til leikaðstæðna á þann hátt að skor leikmanns er leiðrétt m.t.t. almenns skors á viðkomandi velli á leikdegi. Hafi skor þeirra sem skiluðu inn hringjum tiltekin dag þannig almennt verið hátt leiðir það til þess að forgjöfin hækkar minna og svo öfugt. Þá eru einnig innbyggðar varnir í reikniformúluna að ef skor sker sig verulega úr fyrri skorum er tekið mið af því.

Nýtt forgjafarkerfi og birt forgjöf virðist gefa nokkuð raunsanna mynd af getu kylfinga. Sérstaklega þeirra sem spila mikið. Að minnsta kosti hefur beiðnum um leiðréttingu á forgjöf til forgjafarnefndar GL minnkað til muna síðastliðin ár.

Kylfingar eru hvattir til að skrá alla hringi sína, jafnt góða sem slæma. Með því fæst rétt forgjöf sem endurspeglar getu kylfinga og gerir það að verkum að þeir geta keppt til verðlauna í öllum mótum.

*F.h. forgjafanefndar,
21. Nóvember 2024
Stefán Orri Ólafsson.*

Skýrsla kvennanefndar

Kvennanefnd árið 2024 :

- Elísabet Sæmundsdóttir – formaður
- Díana Carmen Llorens Izaguirre
- Helga Rún Guðmundsdóttir
- Helga Dís Daníelsdóttir
- Jóna Björk Olsen
- Ruth Einarsdóttir - tengiliður við stjórn
- Þórgunnur Stefánsdóttir

Nefndin hóf störf á vormánuðum 2024. Markmið kvennanefndar voru, eins og áður, að hvetja konur í klúbbum til þátttöku bæði í kvennamótum og almennt í mótum á vegum klúbbsins . Kvennanefndin stillti upp öflugri dagskrá fyrir sumarið 2024. Öll dagskrá nefndarinnar var vel auglýst í Facebook hóp Leyniskvenna þar sem eru 222 konur.

<https://www.facebook.com/groups/624933591313827>



11. apríl var haldið kynningarkvöld í golfskálanum á fyrirhuguðu starfi sumarsins. Mætingin var mjög góð og konurnar virtust áhugasamar um starfið. Farið var vel yfir dagskrá sumarsins og hún kynnt og rædd. Við fengum Birki Þór, íþróttastjóra, til að koma og kynna sitt starf í klúbbum. Við ræddum við konurnar um þátttöku í Íslandsmótum golfklúbba og þau áform um að setja upp æfingar, í samstarfi með Birki,

fyrir þær konur sem áhuga hefðu á að skipa sveitir. Fórum svo vel yfir breytingar á dagskrá sumarsins frá árinu áður.



Ákveðið var að breyta almennum spíladögum í mótarið, Leynisskvísuna, sem styrkt var af versluninni Nínu. Þetta var 6 hringja (18 holu) mótarið, þar sem 3 bestu hringirnir töldu. Keppt var í tveimur forgjafaflokkum. Einnig settum við upp vinkvennahitting með kvennanefndinni í Mosfellsbæ þar sem bæði var spílað á Garðavelli og Hlíðavelli. Skráning í mótariðina og á vinkvennahittingana var ekki eins



góð og við vonuðumst eftir. Reyndar var hún mjög dræm á vinkvennahittingana. Niðurstaða nefndarinnar eftir lokafund ársins var því sú að það yrði haldið eitt 18. holu mót og tvö 9 holu mót næsta sumar. 9. holu mótið okkar voru best sótt og því greinilegt að það væru mótið sem konurnar vildu taka þátt í.

Framkvæmd og skipulag móta kostar mikla vinnu þótti okkur ljóst að þetta væri ekki þess virði miðað við dræma þátttöku.

Eftirfarandi mót voru haldin á vegum kvennanefndar:

- Vön/óvön 4 manna Texas (9 holur)
- Leynisskvísan (5 hringir, 1 féll niður vegna veðurs)
- Vinkvennamót með konum úr Mosfellsbæ. Bæði spilað á Garðavelli og Hlíðavelli
- Vesturlandsmót
- Búbblumót lokamót kvennanefndar (9 holur)



Vesturlandsmót kvenna var haldið á Garðavelli 29.06.2024. Það voru 44 konur sem tóku þátt í mótinu, þar af 27 konur úr Leyni. Mótið var mjög vel heppnað í alla staði enda lagði nefndin mikla vinnu í að gera þetta vel. Elsa Maren Steinarsdóttir hlaut titilinn Vesturlandsmeistari. Í öðru sæti var Elísabet

Valdimarsdóttir og í þriðja sæti var María Björg Sveinsdóttir.

Kvennanefndin var öflug í að reyna að vekja áhuga kvenna á að spila sig inn í sveit og þar með taka þátt í Íslandsmótum. M.a. voru haldnar æfingar á mánudögum, fyrir konur, hjá Birki Þór íþróttastjóra. Íslandsmót golfklúbba 2.deild kvenna var haldið á Flúðum dagana 24.-26.júlí. Sveitin var skipuð Ruth Einarsdóttur, Ragnheiði Jónasdóttur, Elínu Önnu Viktorsdóttur, Elísabetu Valdimarsdóttur og Ellu Maríu Gunnarsdóttur sem einnig var liðsstjóri sveitarinnar. Sveitin hafnaði í 4. sæti.

Íslandsmót golfklúbba 50+ var haldið á Hellu dagana 22.-24. ágúst. Sveitina skipuðu Ruth Einarsdóttir liðsstjóri, Helga Rún Guðmundsdóttir, Jóna Björk Olsen, Elísabet Valdimarsdóttir, María Björg Sveinsdóttir, Kristín Pétursdóttir og Ragnheiður Jónasdóttir. Sveitin hafnaði í 6. sæti.

Kvennanefndin er spennt fyrir næsta sumri og vonast að sjálfsögðu eftir aukinni þátttöku Leyniskvenna í kvennastarfi klúbbsins.



*Fyrir hönd kvennanefndar,
29.október 2024
Elísabet Sæmundsdóttir, formaður*

Skýrsla vallarnefndar

Eftirfarandi félagsmenn skipa Vallarnefnd GL árið 2023:

- Kristvin Bjarnason, formaður
- Davíð Búason
- Stefán Orri Ólafsson
- Guðjón Viðar Guðjónsson
- Helga Rún Guðmundsdóttir
- Óli Björgvin Jónsson, tengiliður stjórnar



Starf nefndarinnar hófst strax í ársbyrjun og voru haldnir 4 formlegir fundir á árinu sem eru heldur færri fundir en undanfarin ár og skýrist það af því að nú er klúbburinn með vallarstjóra, aðstoðar vallarsjóra og vélamann í fullu starfi. Stærstu verkefni nefndarinnar á þessu starfsári var vinna við nýtt framtíðarskipulag Garðavallar og landnýtingu því tengt sem unnið var í samstarfi við Edwin Roland. Erindi varðandi þetta er komið til skipulagsyfirvalda og virðist sitja fast þar.



*F.h. Vallarnefndar
Kristvin Bjarnason, formaður
23. nóvember 2024*

Helstu styktaraðilar Golfklúbbsins Leynis árið 2024










**Ársreikningur fyrir
starfsárið 2024**


Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra


Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2023 til 31. október 2024 með undirritun sinni.


Akranesi, 25. nóvember 2024


Hróðmar Halldórsson Formaður Leynis



Freydis Bjarnadóttir, gjaldkeri


Ella María Gunnarsdóttir, ritari


Óli Björgvin Jónsson, varaformaður



Ísak Örn Elvarsson, meðstjórnandi


Ruth Einarsdóttir, varamaður



Rákel Oskarsdóttir, framkv.stjóri

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgigögnum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2023 til 31. október 2024 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við að ársreikningurinn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.



Elías H. Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður



Andrés Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

25. nóvember 2024, Akranesi

Rekstraryfirlit

1. nóvember 2023 til 31. október 2024

Rekstrartekjur	Skýr.	2024	Áætlun 2024	2023
Félagsgjöld	1	- 61.931.532	58.000.000	- 50.925.600
Tekjur af velli	2	- 30.875.684	30.000.000	- 29.827.674
Tekjur af mótum	3	- 16.178.700	12.000.000	- 9.325.180
Rekstrarframlög og styrkir	4	- 48.414.135	43.000.000	- 43.405.111
Vörusala		- 7.422.046	7.000.000	- 6.800.436
Aðrar tekjur		- 744.289	-	- 516.344
Leigutekjur	5	- 10.538.520	11.000.000	- 11.410.321
		- 176.104.906	161.000.000	- 152.210.666
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	6	85.798.154	86.000.000	80.457.130
Rekstur vallar	7	20.426.057	19.000.000	19.572.568
Rekstur frístundamiðstöðvar	8	15.884.013	16.000.000	12.809.955
Mótahald og keppniskostnaður	9	8.524.958	7.000.000	6.275.342
Barna- og unglíngastarf	10	2.087.501	2.000.000	1.732.280
Gjöld til GSÍ		4.753.690	4.200.000	3.690.000
Kostnaðarverð seldra vara	11	7.238.234	6.000.000	5.358.697
Annar rekstrarkostnaður	12	2.989.179	4.000.000	3.845.108
		147.701.786	144.200.000	133.741.080
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		28.403.120	16.800.000	18.469.586
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrningaskrá		- 9.033.601	- 16.100.000	- 15.441.626
Fjármagnskostnaður	13	- 1.517.623	- 300.000	- 1.213.903
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		1.825.000	4.000.000	-
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		19.676.896	4.400.000	1.814.057

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2024

EIGNIR

	Skýr.	31.10.2024	31.10.2023
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Mannvirki		5.302.345	5.462.733
Framlag GL til frístundamiðstöðvar		46.011.898	44.750.080
Golfvöllur		78.543.692	74.927.660
Vélar og búnaður		62.520.645	50.294.976
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir		192.378.579	175.435.449
SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR		192.378.579	175.435.449
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur			
Vörubirgðir		877.679	1.482.186
Kortaviðskipti og samningar		26.500	267.375
Viðskiptakröfur		2.217.792	1.085.000
Inneign vsk		1.584.961	0
Samtals skammtímakröfur		4.706.932	2.834.561
Handbært fé			
Hlaupareikningur LÍ		1.576.298	1.508.323
Veltubréf LÍ		13.000.000	12.000.000
Sparireikningur LÍ		0	787
LÍ veltureikn. 601		7.438.164	3.699.549
Samtals handbært fé		22.014.462	17.208.659
SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR		26.721.394	20.043.220
SAMTALS EIGNIR		219.099.973	195.478.669

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2024

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	31.10.2024	31.10.2023
EIGIÐ FÉ			
Yfirfært frá fyrri árum		139.044.500	137.230.443
Hagn / -Tap á reikningsárinu		19.676.896	1.814.057
Samtals eigið fé		158.721.396	139.044.500
SKULDIR			
Langtímaskuldir			
Akraneskaupstaður skuld v. frístundarhúss		46.011.898	44.750.080
Akrneskaupstaður aðrar skuldir		0	4.456.796
Landsbanki Íslands lán		7.803.959	0
Næsta árs afborgun		-1.433.862	0
Samtals langtímaskuldir		52.381.995	49.206.876
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.150.373	3.739.726
Ógreidd laun og launatengd gjöld		5.332.704	3.487.566
Áfallnir vextir langtímalána		79.643	0
Næsta árs afborgun langtímalána		1.433.862	0
Samtals skammtímaskuldir		7.996.582	7.227.292
SAMTALS SKULDIR		60.378.577	56.434.168
SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		219.099.973	195.478.668

Skýringar	2024	2023
Sundurliðanir		
1 Félagsgjöld	61.931.532	50.925.600
Félagsgjöld	62.629.944	51.236.000
Leiðr. árgjöld fyrri ára	- -	837.900
Samningar og samstarf	- 1.648.000 -	1.383.500
Árgjöld heiðursfélaga	- 638.000 -	688.500
Félagsgjöld barna og unglunga	1.587.588	2.599.500
2 Tekjur af velli	30.875.684	29.827.674
Vallarleiga	28.974.290	27.788.760
Tekjur af slætti	1.901.394	2.038.914
3 Tekjur af mótum	16.178.700	9.325.180
Tekjur frá 2023	2.523.900	-
Tekjur 2024	13.654.800	9.325.180
4 Rekstrarframlög og styrkir	48.414.135	43.405.111
Barna- og unglingastarf	3.660.980	971.523
Garðavellir húsaleigustyrkur	9.999.996	9.999.996
Akraneskaupstaður v. reksturs Garðavallar	20.961.487	19.407.887
Aðrir styrkir	13.791.672	13.025.705
5 Leigutekjur	10.538.520	11.410.321
Boltavél	2.461.420	2.339.050
Garðavellir	4.213.000	4.198.000
Golfbílar	1.867.000	1.777.271
Golfbúnaður	151.600	105.500
Golfhermir	1.845.500	2.990.500
6 Laun og launatengd gjöld	85.798.154	80.457.130
Barna- og unglingastarf	11.874.519	11.028.350
Garðavöllur	57.168.872	52.908.703
Skrifstofa	16.754.763	16.520.077
7 Rekstur vallar	20.426.057	19.572.568
Vallarviðhald efni og vinna	7.323.445	6.070.317
Pappír prentun	20.709	285.076
Rekstur fasteigna	720.780	619.556
Gámaþjónusta	486.174	477.690
Rekstur tækja	9.779.892	11.624.420
Annar rekstrarkostnaður	2.095.057	495.509

8 Rekstur Garðavalla	15.884.013	12.809.955
Aðkeypt þjónusta	439.208	724.558
Afnota- og þjónustugjöld	358.957	336.975
Húsaleiga Akraneskaupstaðar	9.999.996	9.999.996
Veitugjöld	3.853.181	3.044.104
Viðhald áhalda og tækja	1.057.408	881.278
Endurgr. Akraneskaupst. á útlögðum kostnaði v. lyftu frá f. árum	- -	2.253.908
Annar húsnæðiskostnaður	175.263	76.952
	<hr/>	<hr/>
9 Golfmót	8.524.958	6.275.342
Aðkeypt þjónusta	4.097.465	3.061.190
Keppniskostnaður	2.794.959	1.457.410
Verðlaun og viðurkenningar	1.632.534	1.756.742
	<hr/>	<hr/>
10 Barna- og unglíngastarf	2.087.501	1.732.280
Aðkeypt þjónusta	817.376	1.093.554
Keppniskostnaður	505.596	257.486
Annar kostnaður	764.529	381.240
	<hr/>	<hr/>
Gjöld til GSÍ	4.753.690	3.690.000
	<hr/>	<hr/>
11 Verslun	7.238.234	5.358.697
Vörukaup	6.633.727	5.970.383
Birgðabreyting	604.507 -	611.686
	<hr/>	<hr/>
12 Annar rekstrarkostnaður	2.989.179	3.845.108
Aðkeypt þjónusta	1.901.371	2.034.487
Pappír prentun ritföng burðargj.	18.972	44.552
Fundakostnaður		203.185
Gjafir og viðurkenningar	144.199	263.573
Auglýsingar	334.905	110.172
Afnota- og þjónustugjöld	390.816	352.753
Akstur og flutningsgj.		500.137
Viðhald áhalda og tækja	73.775	71.522
Annar kostnaður	125.141	264.727
	<hr/>	<hr/>
13 Fjármagnstekjur og gjöld	1.517.623	1.213.903
Vaxtatekjur	- 389.888 -	202.491
Vaxtagjöld	398.498	1.065.124
Bankakostn. og þjónustugjöld	1.509.013	351.270
	<hr/>	<hr/>

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2023 - 31.10.2024

	Árið 2024	Árið 2023
Hagnaður (tap) ársins	19.676.896	1.814.058
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	- 1.825.000	-
Afskriftir	9.033.601	15.441.626
Veltufé frá rekstri	26.885.497	17.255.684
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	604.507 -	611.686
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	- 2.476.878	230.551
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	- 664.572	2.732.448
Nettó breyting	- 2.536.943	2.351.313
Handbært fé frá rekstri	24.348.554	19.606.997
Fjárfestingahreyfingar		
Eignfærðar framkvæmdir á velli	- 4.401.960	- 5.239.532
Keypt tæki	- 26.149.770	- 13.509.834
Seld tæki	6.400.000	-
Fjárfestingahreyfingar	- 24.151.730	- 18.749.366
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin lán	8.000.000	6.000.000
Afborganir langtímaskulda	- 3.391.019	- 19.522.669
Fjármögnunarhreyfingar	4.608.981	- 13.522.669
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	4.805.805	- 12.665.038
Handbært fé í upphafi árs	17.208.659	29.873.699
Handbært fé í lok árs	22.014.462	17.208.659

Fjárhagsáætlun

1. nóvember 2024 til 31. október 2025

Rekstrartekjur	Skýr.	Áætlun 2025	2024
Félagsgjöld	1	83.000.000	- 61.931.532
Tekjur af velli	2	30.000.000	- 30.875.684
Tekjur af mótum	3	14.000.000	- 16.178.700
Rekstrarframlög og styrkir	4	50.000.000	- 48.414.135
Vörusala		9.000.000	- 7.422.046
Aðrar tekjur		500.000	- 744.289
Leigutekjur	5	11.000.000	- 10.538.520
		197.500.000	- 176.104.906
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	103.000.000	85.798.154
Rekstur vallar	7	21.000.000	20.426.057
Rekstur frístundamiðstöðvar	8	16.000.000	15.884.013
Mótahald og keppniskostnaður	9	8.000.000	8.524.958
Barna- og unglíngastarf	10	3.000.000	2.087.501
Gjöld til GSÍ		5.500.000	4.753.690
Kostnaðarverð seldra vara	11	8.500.000	7.238.234
Annar rekstrarkostnaður	12	7.000.000	2.989.179
		172.000.000	147.701.786
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		25.500.000	28.403.120
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrningaskrá		- 16.100.000	- 9.033.601
Fjármagnskostnaður	13	- 1.500.000	- 1.517.623
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		-	1.825.000
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		7.900.000	19.676.896

SJÓÐSSTREYMI

01.11.2024 - 31.10.2025

	Áætlun 2025	Árið 2024
Hagnaður (tap) ársins	4.400.000	19.676.896
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	-	- 1.825.000
Afskriftir	16.100.000	9.033.601
Veltufé frá rekstri	20.500.000	26.885.497
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	-	604.507
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	-	- 2.476.878
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	-	- 664.572
Nettó breyting		- 2.536.943
Handbært fé frá rekstri	20.500.000	24.348.554
Fjárfestingahreyfingar		
Eignfærðar framkvæmdir á velli	- 4.000.000	- 4.401.960
Keypt tæki	- 20.000.000	- 26.149.770
Seld tæki	-	6.400.000
Fjárfestingahreyfingar	- 24.000.000	- 24.151.730
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin lán	6.500.000	8.000.000
Afborganir langtímaskulda	- 1.434.000	- 3.391.019
Fjármögnunarhreyfingar	5.066.000	4.608.981
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	1.566.000	4.805.805
Handbært fé í upphafi árs	22.014.462	17.208.659
Handbært fé í lok árs	23.580.462	22.014.462



Golfklúbburinn Leynir

Grímsholti, 300 Akranes

Sími: 431 2711

leynir@leynir.is

www.leynir.is